

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Kópavogi, 02.07.2009
Tilv. 305
KH

Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 - 2025

Vísað er í bréf skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps dagsett 10. júní 2009 og meðfylgjandi skipulagstillögu á geisladiski, dags. júní 2009. Óskað var eftir umsögn Siglingastofnunar um ofangreinda tillögu sbr. skipulagsreglugerð kafla 3.2.

Við yfirferð komu fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar af hálfu Siglingastofnunar.

Lína sem sýnir takmörk bygginga og er á þéttbýlisuppdrætti dregin 90 m frá núverandi flóðvarnargarði, sbr. lið 5 í kafla 2.8 í greinargerð, þarf að vera í a.m.k. 110 m fjarlægð frá flóðvarnargarðinum eins og fram kemur í „Lágsvæði - 2. áfangi (2. hluti) Vík í Mýrdal, Landeyðing, skipulagsmat og tillögur um aðgerðir“, skýrsla Fjarhitunar hf. frá nóvember 1994 unnin fyrir Vita- og Hafnamálastofnun (nú Siglingastofnun), Skipulag ríkisins og Viðlagatryggingu Íslands.

Í sama kafla greinargerðar, lið 9 segir: „...skulu gólfkótar húsa sem byggð eru neðan bakka að jafnaði eigi vera lægri en 4,7 - 5,0 m yfir sjávarmáli“ Til að taka af allan vafa er rétt að hér standi: „...skulu gólfkótar húsa sem byggð eru neðan bakka eigi vera lægri en 4,7 - 5,0 m yfir meðalsjávarhæð (kóti 0,0 í hæðarkerfi Víkur)“. Þetta viðmið á lágmarks gólfhæð er fengið úr áðurnefndri skýrslu Fjarhitunar hf.

Í kafla 4.5, efst á bls. 43 í greinargerð, er þess getið að við hönnun sjóvarnargarðs sé eðlilegt að taka tillit til hugsanlegrar sjávarbylgju af völdum Kötluhlaupa. Að mati Siglingastofnunar þýðir þetta að hæð garðsins, að teknu tilliti til öryggisstuðla vegna loftþrýstingshækkunar, vindáhláðanda, upprennslis o.fl., verður um 8 m í hæðarkerfi Víkur. Þegar þjóðvegur kemur innan garðs, eins og gert er ráð fyrir í skipulagstillögu, þarf að hækka garðinn enn frekar til að ágiðf verði innan viðmiðunarmarka.

Efnistökusvæði, ES20, er sýnt í Víkurfjöru. Nauðsynlegt er að takmarka efnistöku á þessum stað þar sem hún hefur áhrif um fjöruna alla.



SIGLINGASTOFNUN

Bent er á að núverandi mörk sjávar og lands (fjöruborð) eru töluvert innar en sem sýnt er á þéttbýlisupprátt. Ströndin hefur verið að hopa eins og fram kemur í landbrotsannál bls. 45 í greinargerð. Græni liturinn á upprætti virðist vera að stórstraumsfjöruborði eins og það var fyrir einhverjum árum síðan. Rétt væri að sýna fjöruborðinn en hann er 70 - 90 m innar en stórstraumsfjöruborð.

Virðingarfyllt
F.h Siglingastofnunar Íslands

Kristján Helgason
Kristján Helgason